



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Föstudagur, 14. mars 2014

Ákvörðun nr. 5/2014

## **Samruni Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Dala-Rafns ehf.**

### **I.**

#### **Málavextir og málsmeðferð**

Þann 12. febrúar 2014 barst Samkeppniseftirlitinu svonefnd styttri samrunatilkynning sem lýsir kaupum Ísfélags Vestmannaeyja hf. (hér eftir Ísfélagið) á 100% hlutafjár í Dala-Rafni ehf. (Dala-Rafn). Helstu eignir Dala-Rafns eru eitt togskip ásamt fylgibúnaði og aflaheimildir. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

Í kaupsamningi er gerður fyrirvari um að fyrir liggji samþykki Samkeppniseftirlitsins um kaupin til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

### **II.**

#### **Samruninn**

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting á yfirráðum verður til frambúðar. Er nánar tilgreint í a. til d. liðum 1. mgr. 17. gr. samkeppnislaga í hvers konar aðgerðum samruni getur falist. Í a. lið 1. mgr er sagt að þetta geti gerst vegna samruna tveggja eða fleiri fyrirtækja eða hluta úr fyrirtækjum sem áður störfuðu sjálfstætt.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Ísfélagið sé elsta starfandi hlutafélag á landinu, stofnað 1901. Félagið starfi á svið sjávarútvegs en helstu starfsþættir félagsins eru sagði vera frysting sjávarafurða, fiskimjöls- og lýsisframleiðsla og útgerð fiskiskipa. Tilgangur félagsins samkvæmt samþykktum þess, dags. 27. ágúst 2012, er „að reka útgerð, fiskvinnslu og aðra vinnslu sjávarafurða, svo og aðra starfsemi á svið sjávarútvegs og á skyldum sviðum“. Ísfélagið gerir út sex skip til veiða á uppsjávarfiski og bolfiski frá Vestmannaeyjum.



Fram kemur í samrunatilkynningunni að hluthafar í Ísfélaginu séu 155 talsins. ÍV fjárfestingafélag ehf. er stærsti hluthafi Ísfélagsins með um 88% eignarhlut og eini hluthafinn sem á yfir 10% hlut. Samkvæmt upplýsingum Creditinfo þann 28. febrúar 2014 er Fram ehf. eini eigandi ÍV fjárfestingafélags. Helsti eigandi Fram ehf. er Guðbjörg M. Matthíasdóttir með 91,7% eignarhlut.

Um eignir Ísfélagsins í öðrum félögum segir í samrunatilkynningu að Ísfélagið eigi 100% eignarhlut í Fiskmarkaði Þórshafnar ehf., auk 50% hlutar í Iceland Pelagic ehf. Þá eigi félagið einnig 28,23% hlut í Fiskmarkaði Vestmannaeyja hf. auk óverulegrar hlutdeildar í átta öðrum félögum.

Dala-Rafn er útgerðarfélag með aðsetur í Vestmannaeyjum sem á og rekur eitt togskip til bolfiskveiða. Samkvæmt samþykktum félagsins, dags. 13. apríl 1993, segir að tilgangur félagsins sé „*útgerð fiskiskipa og fiskvinnsla, kaup og sala eigna, lánastarfsemi og skyldur rekstur*“. Félagið selur afla bæði innanlands og erlendis og kemur fram að heimahöfn félagsins sé Vestmannaeyjar. Í samrunatilkynningunni kemur fram að eigendur félagsins séu þau Þórður Rafn Sigurðsson og Ingigerður R. Eymundsdóttir með 50% eignarhlut hvort.

Samkvæmt ársreikningi 2012 á Dala-Rafn óverulegan hlut í Starfsorku, Þekkingarsetri Vestmannaeyja, Kaupþingi hf. og Ísfélaginu. Auk þess eigi félagið 9,74% í H. Sigmundssyni ehf., 11% hlut í Fiskmarkaði Vestmannaeyja ehf. og 32,23% hlut í Nethamri ehf. Hluthafar Dala-Rafns skuldbunda sig til að kaupa af félaginu hlutabréf Dala-Rafns í Nethamri, Fiskmarkaði Vestmannaeyja og Ísfélaginu fyrir 15. júní 2014.

Með kaupsamningi, dags. 6. febrúar 2014, keypti Ísfélagið allt hlutafé (100%) í Í Dala-Rafni en helstu eignir þess eru togarinn Dala-Rafn VE 508 ásamt aflahlutdeild, búnaði og veiðarfærum.

Af þessu má ráða að í máli þessu er um að ræða samruna sem felst í því að Ísfélagið eignast í aðalatriðum aflahlutdeild og eitt fiskiskip sem áður voru í eigu útgerðarfyrirtækisins Dala-Rafns.

### III.

#### Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og að það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.



Samrunaaðilar starfa að hluta til á sömu mörkuðum. Ísfélagið stundar að mestu uppsjávarveiðar en einnig botnfiskveiðar. Dala-Rafn stundar eingöngu botnfiskveiðar. Samrunaaðilar telja unnt við skilgreiningu markaða að líta til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 21/2013 *Kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á Stíganda ehf.* þar sem í sambærilegu máli hafi m.a. verið litið til markaðsstöðu eftir úthlutuðu aflamarki í þorskígildum við mat á stöðu fyrirtækja á markaði. Samrunaaðilar benda á að í framangreindu máli hafi Samkeppniseftirlitið einnig talið að líta bæri til markaðar með „veiðar á botnfiski og ráðstöfun þess afla innanlands til eigin vinnslu eða þriðja aðila, til fiskmarkaða eða í beinan útflutning“ og einnig „markað fyrir aflaheimildir á botnfiski“.

Að mati samrunaaðila starfa Ísfélagið og Dala-Rafn bæði undir íslenskum lögum um stjórn fiskveiða og selja afla og afurðir sínar ýmist á mörkuðum erlendis og hér á landi. Þannig selur Ísfélagið afla og afurðir sínar ýmist unnar eða óunnar til eigin fiskvinnslu á Íslandi eða fiskmarkaða á Íslandi eða Evrópu, aðallega til Þýskalands og Bretlands. Félagið sér að mestu sjálft um sölu afurðanna. Dala-Rafn selur afla sinn hins vegar aðeins óunninn til fiskmarkaða, beint til fiskvinnslu hér á landi eða beint á erlenda markaði í gegnum milligönguaðila og þá einkum og aðallega til Evrópu.

Að mati samrunaaðila er landfræðilegur markaður málsins Ísland þar sem þeir vörumarkaðir sem þeir starfi sameiginlega á sé nánast eingöngu þar að finna. Vísast í þessu sambandi til framangreindrar ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 10/2013 þar sem byggt var á því að málið varði „*starfsemi útgerða á Íslandi sem feli í sér fiskveiðar á grundvelli veiðiheimilda sem úthlutað er skv. lögum nr. 116/2006 og innbyrðis viðskipti með þær og ráðstöfun á þeim afla þegar honum er landað hér á landi*“.

Samkeppniseftirlitið tekur undir skilgreiningu samrunaaðila á mörkuðum málsins þ.m.t. landfræðilegum markaði. Sé litið til töflu sem aflað var hjá Fiskistofu og fylgdi samrunatilkynningunni má sjá að samrunaaðilar eru vel innan marka í aflahlutdeild í einstökum fisktegundum eftir samrunann eins og kveðið er á um í 13. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006. Samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila má ekki nema meira en 12% sbr. 2. mgr. 13. gr. framangreindra laga og eru samrunaaðilar langt innan þeirra marka í aflahlutdeild eftir samrunann.

Með hliðsjón af hlutdeild samrunaaðila á skilgreindum mörkuðum þessa máls má sjá að markaðshlutdeild þeirra er óveruleg bæði fyrir og eftir að samruni þeirra hefur átt sér stað.

Af framangreindu telja samrunaaðilar að ekki sé unnt að meta það svo að þeir hafi markaðsraðandi stöðu á viðkomandi mörkuðum þessa máls hvorki hver fyrir sig eða sameiginlega. Samrunaaðilar telja auk þess að með samrunanum muni ekki gæta teljandi áhrifa á þeim mörkuðum sem þeir starfa á enda muni markaðshlutdeild Ísfélagsins í bolfiski aukast óverulega sé litið til markaðarins í heild.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur ekki leitt í ljós nein atriði sem benda til þess að sá samruni sem felst í kaupum Ísfélagsins á 100% hlutafjár í Dala-Rafni, þar sem helstu eignir félagsins eru eitt togskip með öllum fylgibúnaði ásamt aflaheimildum, sé líklegur til



að valda röskun á samkeppni hér á landi. Í ljósi þessa og með hliðsjón af gögnum málsins er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

#### **IV. Ákvörðunarorð:**

**„Með kaupsamningi, dags. 6. febrúar 2014, keypti Ísfélag Vestmannaeyja hf. 100% hlutafjár í Dala-Rafni ehf., þar sem helstu eignir félagsins eru eitt togskip með öllum fylgibúnaði ásamt aflaheimildum. Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson